

ríkisins fer eftir við mat fasteigna og ákveðið heimtaugargjald í samræmi við það. Hús í smíðum skal meta sem fullbyggt væri, enda skal liggja fyrir staðfest teikning af því.

Heimtaugargjald nýbýlis, sem ekki hefur fengið staðfest fasteignamat skal ákveða með hliðsjón af því, að samanlagt matsverð lands og húsa býlisins verði 394 387,00 kr. en þó eigi lægra en fasteignamatsverð húsa. Heimtaugagjöld sumarbústaða, sumarbúða, veiðihúsa, hótela, verksmiðja, íbúðarhúsa og annarra slíkra aðila, sem ekki eru í tengslum við búrekstur, greiðist samkvæmt kostnaði.

Um greiðslu kostnaðar af breytingu heimtauga eða spennistöðva fer eftir ákvæðum reglugerðar Rafmagnsveitna ríkisins. Verði fallist á að leggja veitu, þar sem línulengd fer fram úr því, sem tilgreint er í 1. málsgrein skulu heimtaugagjöld hækka samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra með hliðsjón af áætluðu kostnaðarverði af þeim línnum, sem fram yfir eru.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 5. nóv. 1982, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 612/1982 um breytingar á gjaldskrá rafveitna. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 534 18. ágúst 1982.

*Íðnaðarráðuneytið, 30. nóvember 1982.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

**Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð um dr. Jón Gíslason, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 1. desember 1982.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

### Minningarsjóðs um dr. Jón Gíslason.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður um dr. Jón Gíslason og er stofnaður í virðingar- og þakklætisskyni fyrir ómetanlegt starf hans í þágu Verslunarskóla Íslands.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að hlynna að iðkun hugvísindagreina í Verslunarskóla Íslands og meðal þeirra sem brautskráðst hafa frá skólanum. Einkum skal lögð rækt við þær greinar sem dr. Jón Gíslason kenndi og lagði skerf til á sinni tíð.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er 30 þúsund krónur lagðar fram af stúdentum brautskráðum frá V.Í. 1946, 1951, 1956, 1961, 1966, 1971 og 1976. Af stofnfélnu teljast 10 þúsund krónur höfuðstóll sem eigi má skerða.

## 4. gr.

Tekjur sjóðsins eru frjáls framlög — gjafir, áheit og önnur slík fjárframlög — þeirra sem stundað hafa nám við V.Í., bæði afmælisárganga og einstaklinga, svo og annarra aðila. Einnig vextir af fé sjóðsins.

Sjóðsstjórn skal vinna að eflingu sjóðsins og sjá um að hann sé tryggilega ávaxtaður.

## 5. gr.

Sjóðurinn skal sbr. 2. gr. skipulagsskrár þessarar veita verðlaun og styrki skv. nánari ákvörðun sjóðsstjórnar hverju sinni.

Heimilt er að styðja með framangreindum hætti þá sem nám stunda í V.Í. eða lokið hafa prófi frá skólanum; ennfremur stjórnendur og kennara skólans.

Þá er heimilt að veita úr sjóðnum fé til að efla bókakost skólans í umræddum greinum.

Ákvarðanir um ofangreindar fjárveitingar úr sjóðnum skulu styðjast við atkvæði a. m. k.  $\frac{2}{3}$  stjórnarmanna.

Nú verður sjóðsstjórn sammála um að það þjóni tilgangi sjóðsins sbr. 2. gr. að veita úr honum fé á annan hátt en sérstaklega er tekið fram í 1.—3. mgr. þessarar greinar og skal slík fjárveiting þá heimil.

## 6. gr.

Fé skal að jafnaði veitt úr sjóðnum á hverju ári og eigi sjaldnar en þriðja hvert ár.

Ákvörðun um úthlutun úr sjóðnum tekur sjóðsstjórn ýmist að eigin frumkvæði eða að fengnum umsóknum eða tillögum sem aðilum nefndum í 5. gr. 2. mgr. skal jafnan heimilt að leggja fram.

## 7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrjú menn og tilnefna Stúdentasamband V.Í., kennarar V.Í. og afkomendur dr. Jóns Gíslasonar einn þeirra hver. Jafnmargir varamenn skulu tilnefndir af sömu aðilum.

Stjórnarmaður tilnefndur af Stúdentasambandi V.Í. skal vera formaður en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum.

Stjórnin skal skipuð til 3ja ára í senn. Ný stjórn tekur við störfum eigi síðar en 1. júlí það ár sem stjórnarskipti skulu fara fram. Tilnefningar skulu berast formanni Stúdentasambands V.Í. eigi síðar en 1. maí. Nú berst tilnefning eigi innan tilskilins tíma og skipar þá Stúdentasamband V.Í. stjórnarmann og/eða varamann svo að náð verði fullri tölu þeirra.

Stjórnarstörf skulu vera ólaunuð.

## 8. gr.

Stjórn sjóðsins heldur gjörðabók fyrir sjóðinn. Þar skal færð m. a. skipulagsskrá þessi, árlegir reikningar, þ. á m. einstök framlög til sjóðsins og fjárveitingar úr honum, svo og umsóknir og tillögur sem sjóðsstjórn berast sbr. 6. gr. 2. mgr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum Stúdentasambandsins eða löggiltum endurskoðanda.

Gerð skal árlega grein fyrir störfum sjóðsins á aðalfundi Stúdentasambands V.Í. og upplýsingar um hag hans og fjárveitingar látnar Verslunarskólablaðinu í té til birtingar.

## 9. gr.

Skipulagsskrá þessari verður aðeins breytt með samþykki  $\frac{3}{4}$  fundarmanna á tveimur aðalfundum Stúdentasambands V.Í. í röð, enda hafi þess verið getið í fundarboði að breytingartillaga væri á dagskrá.

Óheimilt er þó að breyta 2. gr. skipulagsskrárinnar.  
Breyting sem gerð hefur verið skv. 1. mgr. tekur gildi þegar hún hefur hlotið staðfestingu hjá dómsmálaráðuneytinu.

## 10. gr.

Leitað skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og hún síðan birt í Stjórnartíðindum, B-deild.

**AUGLÝSING****um smásöluálagningu á skeiðarsvampa, sem innihalda medroxíprógesterónacetat.**

Frá og með 1. janúar 1983 skal smásöluálagning á skeiðarsvömpum, sem innihalda medroxíprógesterónacetat og notaðir eru til að samstillja gangmál hjá ám, vera 36,4%. Óheimilt er að taka afhendingargjald fyrir þessi lyf. Sama dag fellur úr gildi auglýsing sama efnis nr. 588/1980.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 7. desember 1982.*

F. h. r.

**Jón Ingimarsson.**

*Ingolf J. Petersen.*

**REGLUGERÐ****um skráningargjald og árgjald sérlyfja á sérlyfjaskrá.**

## 1. gr.

Umsókn um skráningu sérlyfs skal senda í fjórriti til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins. Umsóknareyðublöð fást í ráðuneytinu. Ráðuneytið áritar öll eintökin og tölusetur hverja umsókn við móttöku í áframhaldandi töluröð og fær umsækjandi eitt eintakið.

Með umsókn um skráningu sérlyfs skal fylgja skráningargjald að upphæð kr. 1 600,00. Er gjaldið óendurkræft þótt umsókn sé hafnað.

Þegar sótt er um skráningu á öðrum formum, öðrum styrkleikum eða um viðurkenningu á hvers konar breytingum á áður skráðum sérlyfjum, skal rita nýja umsókn. Er skráningargjald þá kr. 800,00.

## 2. gr.

Af hverju formi sérlyfs, sem er á sérlyfjaskrá 1. janúar ár hvert, skal greiða árlegt gjald að upphæð kr. 400,00 er greiðist sérlyfjasjóði fyrir 1. mars ár hvert.